

Shopify app Póstsins

Hvernig næ ég í þjónustu app Póstsins?

Þú þarft að vera með netverslunina þína í gegnum Shopify. Á þinni Shopify Admin síðu finnur þú „Apps“ þar sem þú getur heimsótt „Shopify App Store“ og leitað eftir „Pósturinn“

- Skráir þig inn á þína Shopify netverslun
- Ferð inn á Shopify App Store
- Sækir [þjónustu App Póstsins](#)
- Virkjar appið fyrir þína netverslun

Hvernig virkja ég þjónustu app Póstsins?

Skráðu inn API lykil til að tengja þína netverslun við okkar þjónustu. Ef þú ert með Premium Shopify áskrift tengist þín netverslun sjálfvirkt beint við þjónustur Póstsins.

- Skráðu þig inná Póststoð
- Velur Stillingar -> Verslanir
- Þar sækir þú API lykil sem þú slærð inn á uppsetningarsíðunni

Ath. Shopify þjónustu app Póstsins er eingöngu í boði fyrir Fyrirtæki sem eru í skráð Póststoð

Tengdu Sendingamöguleika og þjónustur saman

Ef þín netverslun er ekki í Shopify Premium áskrift þarf að tengja saman fyrirfram stillta sendingamöguleika þessar netverslunar við sendingarþjónustur Póstsins.

Þetta þarf eingöngu að gera í upphafi þegar appið er sett upp.

Hvernig tengi ég þessar þjónustur saman?

- Innan Shopify netverslun þessar gættir þú búið til þjónustu sem heitir „Pakki heim að dyrum“ og verðið á þeim pakka er 1000kr fyrir sendingu undir 2kg.
- Í vinstri dálk inn á uppsetningarsíðunni setur þú Shopify þjónustuna inn.
- Í hægri dálk á uppsetningarsíðunni velur þú Þjónustu Póstsins sem á við.
- Smellir á Senda
- Þjónustu app Póstsins sér svo til þess að allar „Pakki heim að dyrum“ pantanir verða skráðar í kerfi Póstsins sem „Pakki heim“ og birtast þannig í Póststoðinni hjá þínu fyrirtæki.

Ath. Nöfnin verða að vera nákvæmlega eins og þau eru skráð á Shopify

Söludeild Póstsins getur aðstoðað þig við að tengjast Póststoð í síma **580 1000** eða hjá sala@postur.is